

Skýrsla ferðanefndar

til 2. umdæmisstjórnarfundar 12. janúar 2013.

Í nóvember 2012 var búið að tryggja allt að 50 flugsæti hjá Icelandair á Evrópuþingið í Berlín dagana 29.maí til 2. júní 2013. Þar af voru 10 sæti ætluð þeim sem sætu einungis þingið.

Skipulögð dagskrá eftir þing hefur því miðast við 40 manna hóp frá, 2. júní til 7. júní.

Sent var fréttabréf á alla klúbbforseta til kynningar og könnunar á viðbrögðum. Skemmst er frá því að segja að aðeins einn aðili hafði samband og skráði sig á lista. Birt var grein í síðasta jólablaði Kiwanis þar sem fram komu nokkrar tölulegar staðreyndir en ekki útlistað nákvæmlega hvað yrði gert eftir þingið að öðru leiti en því að farið yrði frá Berlín og haldið suður á bóginn.

Undirritaður taldi sig vera nokkuð öruggan með 10 manns til ferðar þegar greinin var send á Kiwanisblaðið, fyrir utan þá sem fara heim strax eftir þing, en kvarnast hefur úr þeim væntingum og eru einungis 5 í hendi þegar þetta er skrifað. Nokkuð nákvæmlega er hægt að giska á hvað hver dagur kostar hvern og einn í gistingu og rútuferðir, en ljóst er að dýrast er að dvelja innan borgarmarkanna. Þegar ekki er vitað með meiri vissu en að framan segir hversu stór hópurinn verður, er vita vonlaust að finna gistingu og enn verra að reikna út rútukostnað. Rætt hefur verið við ákveðinn aðila varðandi akstur og nánara skipulag og ferðatilhögun. En til þess að hann fari á fullt þarf eitthvað að vera í hendi um lágmarks þátttöku, sem er u.þ.b. 30 manns.

Næstu skref verða að haft verður samband við þá aðila sem hafa verið duglegastir við að fara þessar ferðir á undanförunum árum og kannað til þrautar hvort einhver grundvöllur er til þess að halda þessari vinnu áfram.

Form. Ferðanefndar,

Guðmundur R. Þorvaldsson.